

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
140 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2024
Tilv.: 1808004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2025 - 2029

1. Í tilefni af yfirstandandi umfjöllun fjárlaganefndar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025 – 2029, þingskjal 1501 - 1035. mál, vill Samkeppniseftirlitið veita umsögn um fjármálaáætlunina og í því sambandi vekja athygli á fyrri umsögnum eftirlitsins til nefndarinnar er varða fjárveitingar til samkeppniseftirlits á Íslandi.
2. Samkeppniseftirlitið hefur lýst vaxandi áhyggjum af því að fjárveitingar til þess hafi ekki þróast í takt við umfang atvinnulífsins og aukið álag. Vegna þessa er eftirlitið ekki í stakk búið til að sinna lögbundu hlutverki sínu með fullnægjandi hætti, hvorki að því er varðar framkvæmd samkeppnislaga sjálfra, né heldur framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, sem eftirlitinu er falið að framkvæma.
3. Athygli fjárveitingarvaldsins hefur verið vakin á þessu, sbr. umsögn til fjárlaganefndar, [dags. 14. nóvember 2023](#), og viðbótarumsögn, [dags. 8. desember 2023](#). Fyrri umsögninni fylgdi [minnisblað um þarfagreiningu og þróun fjárheimilda](#), en þar er m.a. gerð rökstudd grein fyrir mannaflaþörf í eftirlitinu. Niðurstaða þeirrar greiningar var að fjölga þyrfti starfsmönnum úr 25 ársverkum (meðaltal 2019-2022) í tæp 42 ársverk.
4. Þá birti Samkeppniseftirlitið umræðuskjal um fjárveitingar til Samkeppniseftirlitsins, sbr. skýrslu [nr. 3/2023](#).¹ Þar er fjallað um þróun fjárveitinga og samanburð við ýmsar efnahagsstærðir árin 2014-2024. Fram kemur m.a. að fjárframlög til eftirlitsins hafi lækkað um 20% á föstu verðlagi á tímabilinu, á meðan umsvif í efnahagslífinu hafi aukist um 35-40% á sama tíma.
5. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár var ekki tekið tillit til framangreindra ábendinga og þarf Samkeppniseftirlitið þvert á móti að draga starfsemi sína saman. Beinist sú vinna annars vegar að því að ljúka málum án niðurstöðu og hafna upptöku nýrra mála. Reynir nú á þessar aðgerðir fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála, en kvartendur sem urðu fyrir lokun mála hafa í tveimur tilvikum, hingað til, borið þá niðurstöðu undir nefndina.

¹ Tilvitnuð gögn eru aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins:

- Umsögn til fjárlaganefndar, dags. 14. nóvember 2023: [Fjarlaganefnd-umsogn-14.11.2023-FN-L.pdf \(samkeppni.is\)](#)
- Umsögn til fjárlaganefndar, dags. 8. desember 2023: [Fjarlaganefnd-vidbotarumsogn-8.12.2023.pdf \(samkeppni.is\)](#)
- Minnisblað um fjárheimildir Samkeppniseftirlitsins – Þarfagreining og þróun, dags. 14. nóvember 2023: [Fjarheimildir-Samkeppniseftirlitsins-14.11.2023-FN.pdf](#)
- Umræðuskjal nr. 3/2023, Fjárveitingar til Samkeppniseftirlitsins: [PowerPoint Presentation \(samkeppni.is\)](#)



6. Hins vegar beinast aðgerðirnar að því að draga úr rekstrarkostnaði, þ.á m. með fækkun ársverka. Sú vinna er í gangi, en þó er fyrirsjáanlegt að eftirlitið muni skila rekstrarhalla í lok árs.
7. Framangreind staða hefur jafnframt haft áhrif á vinnu við að hrinda í framkvæmd ábendingum Ríkisendurskoðunar sem settar voru fram í skýrslu um stjórnsluúttekt hennar haustið 2022. Nokkrar ábendinganna hafa í för með sér kostnaðarauka sem gera þyrfti ráð fyrir í fjárveitingum til eftirlitsins. Að öðrum kosti er ekki unnt að hrinda þeim ábendingum í framkvæmd.
8. Framangreind staða er grafalvarleg, enda liggur fyrir að hagsmunir almennings, fyrirtækja og íslensks efnahagslífs beinast að því að samkeppni hér á landi sé sem virkust, en með því er stuðlað að samkeppnishæfu verði, auknum gæðum vöru og þjónustu, öflugri nýsköpun og meiri jöfnuði. Það að Samkeppniseftirlitið sé ekki í stakk búið til að sinna lögbundnu hlutverki sínu með fullnægjandi hætti leiðir því til tjóns fyrir almenning og fyrirtæki.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Sveinn Agnarsson
stjórnarformaður

Páll Gunnar Pálsson
forstjóri